



Athyglisvert er að ekkert veiddist af smáfiski, þrátt fyrir að fínriðin net væru notuð sem veiða fisk allt niður í 19 cm. Verður því að álíta að smáfiskur hafi ekki verið í Austurbotnavatni á þessum tíma. Hugsanlegt er, að smáfiskurinn hafi haldið sig í aðalvatninu, en það var ekki lagt í þetta skipti, m.a. vegna þess hve lítill aflí hafði fengist þar áður á svipuðum árstíma. Áætunin var einnig að kanna þetta um haustið, en af því varð ekki.

Á mynd 1. hefur vöxtur urriðans verið settur upp í línurit og til samanburðar hefur verið settur upp vöxtur urriða sem veiddur var í fyrri rannsóknarferðum. Greinilegt er að vöxturinn er minni árin 75 og 76, en hann var hjá jafngömlum fiskum sem ólust upp á árunum fyrir vatnsmiðlun. Þau neikvæðu áhrif sem áður hefur verið spáð að miðlunin myndi hafa ((minnkað botndýralíf) eru því farin að hafa veruleg áhrif á vöxtinn strax árið 1975. Sú staðreynd að fiskurinn lifir nú mest á svifi styður þetta einnig. Lítil smáfiskaafli gæti bent til þess, að miðlunin sé farin að hafa neikvæð áhrif á nýlæðun urriðans. Eins og áður sagði er þó ekki sannreynt hvert um skort sé að ræða á ungviði, eða breytingu á hegðun, þ.e. að fiskurinn hafi flutt sig annað. Mun þetta verða sannprófað í sumar. Samkvæmt upplýsingum veiðivarðar var nánast engin veiði í vatninu síðast liðið sumar en hún hafði verið mjög góð sumarið 1976.

Að öllu samanlögðu er ljóst að urriðastofni Þórisvatns hefur hrakað og gæði þess sem veiðivatns hafa rýrnað mjög. Hversu mikil eyðileggingin verður kemur ekki í ljós fyrir en eftir nokkur ár, þegar áhrif vatnsmiðlunarinnar og viðbrögð fiskstofnsins við henni hafa náð að "stabilisera" sig.